



Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Evu M. Ævarsdóttur
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2003


Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur fagnar framkomnu frv. til laga um verndun hafs og stranda. Hinn 14. janúar s.l., fékk UHR frv. sama efnis til umsagnar og gerði þá nokkrar athugasemdir við það. Því ber að fagna, að tekið hefur verið tillit til nokkurra athugasemda við frv., sérstaklega hvað varðar heimild til framsals þvingunarúrræða til heilbrigðisfulltrúa á slysstað. Þá eru skýrari ákvæði um greiðslu kostnaðar til bóta. Enn eru þó nokkrir hnökrar á frv., sem rétt er að gera athugasemdir við:

1. 7. gr. 3. mgr.: Gert er ráð fyrir leyfi Umhverfisstofnunar til þeirra sem mega taka við olíuúrgangi. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita hins vegar leyfi til og hafa eftirlit með skipaviðgerðum. Ákvæðið býður því upp á tvöfalt eftirlit og tvöfalda leyfisútgáfu til þeirra aðila, sem sjá um viðhald og niðurrif skipa sbr. fylgiskjal 2 með rg. nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun
2. 11. gr.: Æskilegt væri að kveða nánar á um starfsleyfis- og eftirlitsskyldu með móttöku úrgangs og skolps í höfnum eins og þeirri starfsemi er lýst í lögum þessum.
3. 14. gr. 1. mgr. a. Hér hefur verið bætt við texta, sem kann að í ákveðinni mótsögn við textann sem er fyrir. Í liðnum er kveðið á um eftirlit heilbrigðisfulltrúa með hreinsunaraðgerðum og að hann kveði á um hvenær hreinsun er fullnægjandi. Í nýjum texta segir hinsvegar að Umhverfisstofnun geti hlutast til um frekari aðgerðir án þess að heilbrigðisfulltrúi komi þar við sögu. Hér þyrfti að lágmarki að koma inn ákvæði þess efnis, að það sé gert í samráði við heilbrigðisfulltrúa.
4. 14. gr. 1. mgr. b: Nauðsynlegt er að skoða til hlítar hvaða aðstæður geta skapast á slysstað og afleiðingar þess að heilbrigðisfulltrúi sem mætir á vettvang hafi ekki vald til þess að beita þvingunarúrræðum á staðnum. Ennfremur er nauðsynlegt að skilgreina nánar við hvað er átt með „umsjón með aðgerðum” annars vegar og „stjórn á vettvangi” hins vegar eins og þau koma fyrir í þessari mgr.

Meðfylgjandi er ljósrít bréfs UHR dags. 14. janúar s.l.

Virðingarfyllst,


Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.



Reykjavíkurborg • Umhverfis- og tæknisvið

Umhverfis- og heilbrigðisstofa

Umhverfisnefnd Alþingis

b.t. Evu M. Ævarsdóttur

Alþingi

150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2003

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Vísað er til bréfs nefndarritara Umhverfisnefndar Alþingis, þar sem þess er óskað að Umhverfis- og heilbrigðisstofa (UHR) veiti umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.

UHR hefur yfirfarið frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni þess:

Almennar athugasemdir:

UHR fagnar framkomnu frumvarpi er stefnir að því að skýra og skerpa á verkaskiptingu og ábyrgð á þessu sviði. Á það ekki síst við um aðgerðir við bráðamengun.

Hins vegar gerir UHR athugasemdir við þá stefnu, er birtist í frumvarpinu, að auka ábyrgð og beina þátttöku Umhverfisstofnunar í eftirliti. Er það þvert gegn anda laga nr. 7/1998 um hollusthætti og mengunarvarnir, þar sem hlutverk Umhverfisstofnunar (áður Hollustuvernd ríkisins) er skilgreint sem yfirumsjón og samræming en hún sinni ekki beinu eftirliti nema í undantekningartilvikum.

UHR vill ennfremur vara við þeirri nýbreytni, er kemur fram í frumvarpinu, að Umhverfisstofnun fari ein með vald til þess að beita þvingunarúrræðum á grundvelli laganna. Þetta þýðir að þegar heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga fer með eftirlit geta fulltrúar þess ekki beitt þvingunarúrræðum á vettvangi í tengslum við eftirlit. Það er eðli þvingunarúrræða, að þeim er einungis beitt þegar brýna nauðsyn ber til og oft krefjast aðstæður þess að brugðist sé skjótt við. Það er mat UHR, að verði eftirlit og þvingunarúrræði ekki á sömu hendi, muni það draga úr skilvirkni kerfisins til muna og bjóða heim aukinni hættu á tjóni af völdum mengunar. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, og heilbrigðisfulltrúar í umboði þeirra, beita þvingunarúrræðum, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hafa viðamikla reynslu við beitingu þeirra. Ekki er ljóst hvort Umhverfisstofnun býr að starfsfólki með slíka reynslu og þekkingu. UHR dregur í efa að með slíkri verkaskiptingu verði hægt að tryggja nægilega skjót viðbrögð sem komi í veg fyrir mengun í hafi og strendur landsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:



Reykjavíkurborg • Umhverfis- og tæknisvið

Umhverfis- og heilbrigðisstofa
4. gr. 2. mgr.

Heimild til beitingar þvingunarúrræða: Skv. 14.gr. frumvarpsins, er heilbrigðisfulltrúum falið eftirlit. UHR telur það grundvallaratriði að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, og heilbrigðisfulltrúar í umboði þeirra, hafi vald til þess að geta beitt þvingunarúrræðum á vettvangi þegar þeir fara með eftirlit. Sá aðili, sem sinnir eftirliti á vettvangi, verður að hafa tæki í höndunum til úrræða á staðnum. Ótækt er að þurfa að kalla til fulltrúa Umhverfisstofnunar, þegar bráðamengun vofir yfir og nauðsynlegt reynist að grípa til skjótra úrræða. Að mati UHR væri hér ekki um neitt framsal á valdi að ræða þar sem heilbrigðisfulltrúum er falin þessi heimild skv. 1. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. 6. gr. 1. mgr. r-liður: Einungis er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji í reglugerð almenn ákvæði um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem fellur undir frumvarpið og Umhverfisstofnun annast útgáfu á. Hér ættu einnig að falla undir sambærileg starfsleyfi gefin út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

3. 7. gr. 3. mgr.: Gert er ráð fyrir leyfi Umhverfisstofnunar til þeirra sem mega taka við olíuúrgangi. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita hins vegar leyfi til og hafa eftirlit með skipaviðgerðum. Ákvæðið býður því upp á tvöfalt eftirlit og tvöfalda leyfisútgáfu til þeirra aðila, sem sjá um viðhald og niðurrif skipa sbr. fylgiskjal 2 með rg. nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

4. 11. gr.: Æskilegt væri að kveða nánar á um starfsleyfis- og eftirlitsskyldu með móttöku úrgangs og skolps í höfnum eins og þeirri starfsemi er lýst í lögum þessum.

5. 14. gr. 1. mgr. b: Nauðsynlegt er að skoða til hlítar hvaða aðstæður geta skapast á slysstað og afleiðingar þess að heilbrigðisfulltrúi sem mætir á vettvang hafi ekki vald til þess að beita þvingunarúrræðum á staðnum. Ennfremur er nauðsynlegt að skilgreina nánar við hvað er átt með „umsjón með aðgerðum“ annars vegar og „stjórn á vettvangi“ hins vegar eins og þau koma fyrir í þessari mgr

6. 22. gr.: Vísað er til athugasemda hér að framan varðandi fyrirkomulag þvingunarúrræða samkvæmt frumvarpi þessu.

Virðingarfyllst,

Ellý K. J. Guðmundsdóttir
forstöðumaður